

Nr. 8.
20.
júli.

Tilskipun

um

að vernd sú, sem heimiluð er fyrir vörumerki með lögum
13. nóvember 1903, skuli einnig ná til Bretlands
hins mikla og Írlands.

Vjer Frederik hinn Áttundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Að með því að þeim, sem á Íslandi reka verksmiðjuíðnað eða handiðnað, jarðrækt, málmnam, verzlun eða aðra atvinnu, er veittur sami kostur á að öðlast vernd á vörumerkjum í Bretlandi hinu mikla og Írlandi eins og þegnunum í þeim löndum, þá viljum Vjer samkvæmt heimild þeirri, sem gefin er í 15. gr. laga um vörumerki 13. nóv. 1903, skipa svo fyrir sem hjer segir:

Þeir, sem í Bretlandi hinu mikla og Írlandi reka verksmiðjuíðnað eða handiðnað, jarðrækt, málmnam, verzlun eða aðra atvinnu, skulu verða þeirrar verndar á vörumerkjum, sem lög 13. nóvember 1903 heimila, aðnjótandi með þeim skilyrðum, er hjer greinir:

1. Tilkyningu skal fylgja sönnun fyrir því, að beiðandi hafi fullnægt skilyrðum þeim, sem sett eru í Bretlandi hinu mikla og Írlandi fyrir því, að vörumerkið njóti þar verndar.
2. Beiðandi skal undirgangast, að bæjarþing Reykjavíkur sje varnarþing hans í öllum málum viðvikjandi vörumerkinu og tilnefna umboðsmann, búsettan á Íslandi, er taki á móti málssókn fyrir hans hönd.
3. Vörumerkið skal ekki njóta viðtækari verndar eða verndar fyrir lengri tíma en í Bretlandi hinu mikla og Írlandi.
4. Vörumerkið skal skrásetja í þeirri mynd, sem löggilt er í Bretlandi hinu mikla og Írlandi, nema gagnstætt sje velsæmi og allsherjarreglu.
5. Nú er vörumerki tilkynt til skrásetningar á Íslandi í síðasta lagi 4 mánuðum eptir að það hefur verið tilkynt í Bretlandi hinu mikla og Írlandi, og skal þá gagnvart öðrum tilkyningum telja, að þessi tilkyning hafi framfarið um leið og tilkyningin fer fram í Bretlandi hinu mikla og Írlandi.

Tilskipun þessi öðlast þegar gildi.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Ritað á Amaliuborg, 20. júli 1907.

Undir vorri konunglegu hendi og innsigli.

Frederik R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Anordning

hvorved

den i Loven af 13de November 1903 hjemlede Beskyttelse
for Varemærker gøres anvendelig i Forhold til
Storbritannien og Irland.

Nr. 8.
20.
Juli.

Vi Frederik den Ottende, af Guds Naade Konge til Danmark,
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenburg,

Gøre vitterligt: At da der er sikret dem, som i Island drive Fabriks- eller Haandværksvirksomhed, Jordbrug, Bjærgværk, Handel eller anden Næring, samme Adgang til Beskyttelse for Varemærker i Storbritannien og Irland som disses egne Undersaatter, saa ville Vi i Henhold til den Bemyndigelse, som dertil er givet ved Lov om Varemærker af 13de November 1903 § 15 herved have anordnet følgende:

Den Beskyttelse for Varemærker, som Lov 13de November 1903 hjemler, skal ogsaa blive dem til Del, der i Storbritannien og Irland drive Fabriks- eller Haandværksvirksomhed, Jordbrug, Bjærgværk, Handel eller anden Næring, under følgende Betingelser:

1. Anmeldelsen skal være ledsaget af Bevis for, at Anmelderen har opfyldt de Betingelser, som i Storbritannien og Irland udfordres for at vinde Beskyttelse for Varemærket.
2. Anmelderen skal for alle Sager, som angaar Varemærket, vedtage Reykjavik Byting som Værneting, samt opgive en i Island bosat Fuldmægtig, der paa hans Vegne kan modtage Søgemaal.
3. Varemærket beskyttes ikke i videre Omfang eller i længere Tid end i Storbritannien og Irland.
4. Varemærket registreres, for saa vidt det ikke strider imod Moralen eller den offentlige Orden, i den Form, hvori det i Storbritannien og Irland er gyldigt.
5. Har nogen senest inden 4 Maaneder efter at Varemærket er blevet anmeldt i Storbritannien og Irland anmeldt det til Registrering i Island, skal saadan Anmeldelse i Forhold til andre Anmeldelser anses sket samtidig med Anmeldelsen i Storbritannien og Irland.

Denne Anordning træder straks i Kraft.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 20de Juli 1907.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Frederik R.

(L. S.)

H. Hafstein.